



**2022 -2023**

# Ársskýrsla Heilsuleikskólans Bæjarbóls



Sigrún Stefanía Þorvaldsdóttir  
maí 2023

# EFNISYFIRLIT

1

Inngangur.....	2
Leikskólinn Bæjarból.....	2
Markmið leikskólastarfs.....	2
Einkunnarorð – gildi leikskólans.....	2
Samskiptasáttmáli.....	2
Innra starf.....	2
Mat á innra starfi út frá starfsáætlun.....	3
Hópastarf.....	3
Markviss málörvun – Lesmál, TRAS og Hljóm.....	3
Skipulögð hreyfing og útivera.....	3
Elstu barna verkefni.....	4
Myndlist – sköpun - tónlist.....	4
Vettvangsferðir.....	4
Matsþættir út frá starfsáætlun.....	5
Skólapúlsinn – Foreldrakönnun.....	5
Umbótaáætlun í tengslum við mat á innra starfi :.....	6
Nýbreytni og þróunarstarf.....	7
Nýbreytni.....	7
Mannauður leikskólans.....	7
Starfsþróun.....	7
Sérverkefni.....	8
Barnahópurinn.....	8
Sérkennsla – stoðþjónusta.....	8
Foreldrasamstarf.....	9
Öryggismál.....	10
Slys á börnum.....	10
Ofnæmi - óþol.....	10
Eigið eftirlit.....	10
Húsnæði og viðhald.....	11
Lokaorð.....	11

## INNGANGUR

Í samræmi við 5.grein laga um leikskóla frá árinu 2008 gerir leikskólastjóri rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu. Í ársskýrslunni koma fram þeir þættir sem ákveðið var að leggja mat á samkvæmt starfsáætlun fyrir árið 2023-2024.

2

## LEIKSKÓLINN BÆJARBÓL

Leikskólinn Bæjarból var opnaður 1976 þegar fyrsta deildin var tekin formlega í notkun. Bæjarból er elsti leikskólinn í Garðabæ og er í dag fjögurra deilda með rými fyrir 80 börn. Leikskólinn hefur starfað eftir viðmiðum heilsustefnunnar frá árinu 2010 þar sem lögð er áhersla á hreyfingu, næringu og sköpun.

### Markmið leikskólastarfs

Í leikskólanum er unnið eftir gæðakerfi sem byggir á sameiginlegri ákvörðun starfsmannahópsins um vinnubrögð og starfshætti. Aðalnámskrá leikskóla og skólustefna Garðabæjar er rammi utan um starfið og út frá þeim unnin gæðahandbók sem inniheldur skólanámskrá Bæjarbóls ásamt vinnulýsingum. Markmið leikskólastarfs skv. 2.gr. laga um leikskóla frá árinu 2008 er að veita börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms – og leikskilyrði. Námsfer fram í gegnum leik og skapandi starf.



### Einkunnarorð – gildi leikskólans

Einkunnarorð Bæjarbóls eru **leikgleði**, **agi** og **lífsleikni**. Hugtökin eru nátengd og fléttast saman í starfi leikskólans.

**Leikgleði:** Grundvallaratriði er að börnum, foreldrum og starfsfólki líði vel. Þegar gleði ríkir hefur það jákvæð áhrif á starfið og samskipti allra aðila.

**Agí:** Allir þurfa að fylgja ákveðnum reglum sem gilda í umhverfinu og öðlast ákveðinn sjálfsaga.

**Lífsleikni:** Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálf og eiga í góðum samskiptum við aðra.

### Samskiptasáttmáli

Leikskólinn Bæjarból er með skráðan sáttmála varðandi samskipti. Lögð er áhersla á að samskiptin einkennist af jákvæðu viðmóti, samvinnu, nærgætni, virðingu og gleði. Sáttmálinn nær til allra í skólasamfélaginu, foreldra, starfsmanna og barna og hefur áhrif á skólabrag leikskólans.

## INNRA STARF

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla. Matsaðferðir eru fjölbreyttar og leitast við að fá sjónarmið sem flestra sem að starfinu koma, starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á.

Mat á starfi leikskólans er bæði formlegt og óformlegt. Skráning á markvissum stundum og endurmat í lok þeirra vekur starfsfólk til gagnrýnnar hugsunar á hvað gekk vel og hvað ekki. Fara þær niðurstöður í umræður á deildarfundum sem hafa svo áhrif á mat á starfinu í heild og starfsáætlun árið á eftir.

Matsteymi innan skólans ákvarðar hvaða þættir skulu sérstaklega metnir og gerð er grein fyrir þeim í matsáætlun. Í matsteyminu eru fjórir starfsmenn leikskólans.

## Mat á innra starfi út frá starfsáætlun

### Hópastarf

Hópastarf tengist inn í öll námsvið leikskólans með áherslu á vináttu, samskipti, tilfinningar, líkamsvitund og margt fleira. Hver deildarstjóri hefur ákveðið frelsi til að útfæra verkefni sem unnin eru.

Sem dæmi um áhersluþætti sem unnið var með í hópastarfi í vetur eru vettvangsferðir, skynjunarleikir, lýðræðisleg vinnubrögð, hópleikir, sköpun og tónlist.

### Markviss málörvun – Lesmál, TRAS og Hljóm

Lesmálsverkefni eru í ákveðnum farvegi, lesnar eru ákveðnar bækur í hverri viku og unnið með orðaforða. Á yngri deildum eru verkefni í málörvun byggð á Litlu Sól kennsluhefti en á eldri deildum er byrjað að vinna með Lubba. Með yngri börnum gafst vel að vinna með ákveðið litapema fyrir hvern mánuð, tilfinningar, líkamshluta og söng til að auka orðaforða og efla málþroska. Auka mætti bókakost, sögupoka og málörvunarefni fyrir yngstu börnin.

Hljóm 2 próf sem tekið var á fimm ára börnum, á elstu deildinni kom mjög vel út og má álykta að vinnan við markvissa málörvun skili sér vel til að efla hljóðkerfisvitund barna og snemmtækri ihlutun þar sem þess er þörf. Mikið er lesið á öllum deildum og unnið markvisst með orðaforða.

TRAS skráningarlistar eru nýttir til að fylgjast með máltöku 2 - 5 ára barna og gott að hafa slík hjálpartæki til að átta sig á stöðu hvers barns fyrir sig.

### Skipulögð hreyfing og útivera

Hreyfing og útivist skipar stóran þátt í starfinu. Börnin fara út á hverjum degi og leika sér á nokkuð stóru leiksvæði leikskólans. Útiveran gerir börnum gott, þar er nægt rými til að hlaupa, klifra, hoppa, róla, renna og hvað eina sem þau velja sér í frjálsum leik. Ferskt loft og hreyfing sem er holl og góð en skv. viðmiðum frá landlækni ættu öll börn að hreyfa sig að minnsta kosti 60 mínútur á dag og hreyfingin að vera bæði miðlungserfið og erfið. Alla jafna fara börnin einu sinni í viku í vettvangsferðir, þar sem gengið er rösklega um nærumhverfi leikskólans og jafnvel stoppað á skemmtilegum leiksvæðum.

Íþróttafraeðingur sá um alla markvissa hreyfingu innan leikskólans fyrri part skólaársins og við honum tók annar kennari innan skólans við eftir áramót. Gott er að hafa sérstakan kennara sem ber ábyrgð á hreyfingu sem verður bæði markvissari og faglegri. Kennarinn er því meðvitaður um hreyfiþroska þeirra, stöðu og framfarir. Börnin á eldri deildum klæða sig í íþróttaföt og er hluti af hreyfistundinni þjálfun í að klæða sig í og úr og þau fá góðan tíma til þess. Elstu börnin fara í fimleikasalinn í Ásgarði í hverri viku en aðrir í sal leikskólans.



## Elstu barna verkefni

Stærðfræðiefni er notað í markvissum stundum einu sinni í viku með elstu börnunum. Verkefnabækurnar hafa síðustu tvö ár verið tvær og heita Í Talnalandi 1, Í Talnalandi 2 og Í Talnalandi 3 eftir Hafðísi Finnbogadóttur. Efnið er hugsað fyrir leikskólabörn og eru áherslurnar í efninu fyrst og fremst á hugtaka- og talnaskilning og jafnframt er lagður grunnur að talnaskráningu (1-9), talnalæsi ásamt því að vinna með form og mynstur. Hvert barn á sína bók og getur leyst verkefni á sínum hraða. Leitast er við að hafa hlutbundin hjálpartæki eins og talnagrind, talnakubba og fleira. Elstu börnin eru með ákveðin verkefni sem þau vinna jafnt og þétt yfir veturinn eins og fugl vikunnar, lesmál, markvissa málörvun, ferðir á söfn og fleira.

## Myndlist – sköpun - tónlist

Hver deild var með sköpunar og myndlistarverkefni inn í sínu dagskipulagi og rými fyrir það í hverri viku. Mikilvægt er að hafa verkefni fjölbreytt og gefa börnum tækifæri og frelsi til að skapa í fjölbreyttum aðstæðum. Gerð voru bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni og sumt er fast í hefðum eins og jólagjafir, vorverkefni, haustverkefni og endurvinnsla á verðlausu efni.

Einn kennari tók að sér listsköpunarverkefni og var með vikulegar sköpunarstundir með eldri deildunum tveimur. Vinaholt sem er hús á lóð skólans var nýtt í þetta verkefni sem listasmiðja. Vel gekk að vinna eftir ákveðnu skipulagi og sköpun fær sinn sess í dagskipulaginu. Foreldrar gátu stundum skoðað verk barna sinna í gluggunum vinarholts.

Söngsalur var haldinn alla jafna á föstudögum þetta skólaárið þar sem allur leikskólinn kom saman og söng, dansaði, hélt deildarsýningar og tilkynnti afmæli. Þegar um ákveðið árstíma var að ræða var söngsalur með ákveðið þema, jóla, páska, íslenskan og annað skemmtilegt.

## Vettvangsferðir

Farið var í vettvangsferðir um það bil einu sinni í viku á þremur deildum og gekk það vel fyrir utan hálkutímabil. Í gönguferðunum er lögð áhersla á að kenna börnunum að ganga saman í hóp, huga að umferð, vanda umgengni við náttúruna, efla orðaforða og úthald. Hver deild fékk eyðublöð til að skrá vettvangsferðirnar hvert var farið og hvað gert.

## Matsþættir út frá starfsáætlun

Matsþættir voru valdir út frá starfsáætlun, endurmati starfsmanna, og af matsteymi. Á mynd 1 má sjá hvernig matsþættir tengjast viðfangsefnum og hvaða viðmið eru sett fram. Matsteymið hittist einu sinni á fundi yfir veturinn sem hefði mátt vera mun oftari en mikilvægt er að starfsmenn séu meðvitaðir um gildi innra mats og taki virkan þátt í gagnasöfnun.

5

Nafn leikskóla: Bæjarból			
Helstu áherslur í uppeldisstarfinu fyrir skólaárið	Ábyrgðaraðili	Röktuðingur fyrir vali áherslupátta	Mat á gæðaviðmiðum birt í ársskýrslu
Markviss málörvun, lesmál og Sól bækur	Deildastjórar og sérkennslustjóri	Námssvið leikskóla, læsisstefna, Tras og Hljóm	Skráning og endurmat á börnum
skipulögð hreyfing undir stjórn íþróttfræðings	Verkefnastjóri í hreyfingu	Heilsustefna, námssvið leikskóla	
Verkefni elstu barna leikskólans- stærðfræði og fugl vikunnar.	Deildarstjóri Nónholt	Talnaskilningur, rökhugsun, náttúrufræði, námssvið leikskóla.	Skráning á börnum, endurmat kennara og barna
Vettvangsferðir og útvera	Deildastjórar	Heilsustefna, námssvið leikskóla	Skráning, endurmat starfsmanna og barna.
Vínáttuverkefni BLÆR	Deildastjórar	Heilsustefnan	Nei
Matsþættir vetrarins	Gæðaviðmið	Gagnaöflunarleiðir	Verklök/birting á niðurstöðum
Lýðræði barna í leikskólanum Bæjarbóls	Börn hafa vettvang til að hafa rödd, val: Við sjáum, heyrum og finnum. Finna ásettlega aðferð til að bæta lýðræði	Skráning, spurningalistar, rýnihópar	máí 2023- ársskýrsla
Lýðræði kennara Bæjarbóls	Kennarar upplifa að þeir hafi rödd. Finna ásettlega aðferð til að viðhalda lýðræði	Skráning, spurningalistar, rýnihópar	máí 2023- ársskýrsla
Skólanámsskrá Bæjarbóls- endurskoðun	Uppfærð og endurgerð des 2023 með grunn af: Menntastefnu Garðabæjar, Bamaáttmála, Barnvænu samfélagi, farsæðarlagum.	Umræða, hópavinna, endurmat, fræðsla	des.23
Foreldrakönnun	Viðhorf foreldra til skólastarfsins er skýrt.	Viðhorfskönnun skólalápsins	máí 2023- ársskýrsla
Nýbreytni og þróunarverkefni	Ábyrgðaraðili	Lýsingar á innleiðingu	Samantekt birt í ársskýrslu
Listasmíðja á Vinaholti	Verkefnastjóri lista	Öll börn fá aðgang að listasmíðju og fá fjölbreytt verkefni undir handleiðslu	Ja
Upplýsingatækni með börnum	Deildastjórar	Kynnt smátt og smátt inn í starfið. Allir fá tækifæri á að kynna efniviðnum.	Já
Kraganámskeið	Leikskólastjóri	Upplýsa alla kennara um það sem er í boði	Já
Fræðsla til kennara/ stefna í starfsmannahaldi	Ábyrgðaraðili		Samantekt birt í ársskýrslu
Tras fyrir sérkennslustjóra og einn deildarstjóra	Leikskólastjóri		Nei
Lýðræði í skólastarfi	Leikskólastjóri		Já
Annað	Birt með starfsátl.	Skóladagatal og matsáætlanir	Uppfært árlega

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi svo sem skóladagatal og öðru sem varðar starfsemi leikskólans.

Mynd 1. – Matsþættir og viðmið

## Skólalápsinn – Foreldrakönnun

Foreldrakönnun á vegum skólalápsins var gerð í febrúarmánuði og áhersla lögð á að auglýsa könnunina og leitast við að fá góða svörun, reyndin var að 53 foreldrar svöruðu könnuninni af þeim 66 sem tóku þátt en svarhlutfallið yfir heildina var 80,3 %.

Það gladdi starfsfólk Bæjarbóls mjög að sjá fjölmörg jákvæð og falleg ummæli um bæði starfsfólk og leikskólastarfið í opnum spurningum. Sem dæmi um jákvæð ummæli voru: Skipulagið á Bæjarbóli er algjörlega á toppnum, metnaðarfullt og flott starf, samstillt starfsfólk með góða nærveru, skapandi starf er framúrskarandi. Dæmi um það sem má bæta skv. opnum svörum er: fá fleiri menntaða leikskólakennara, meira upplýsingaflæði um nám og leikfélaga, aðlögunin byrjaði ekki nægilega vel.

Ljóst er að tækfæri leynast til úrbóta til að mynda varðandi aðlögun nýrra barna og upplýsingamiðlun. Á annarri yngri barna deildinni urðu deildarstjóraabreytingar og mikið um starfsmannaveltu og ljóst að það hafði neikvæð áhrif á aðlögunartímann á þeirri deild. Karellen appið er mjög hjálplegt í aðlögun og það veitir foreldrum öryggi að fá myndir úr starfinu. Varðandi upplýsingamiðlun þá hafa foreldrar áhuga á að vita meira um leik og líðan barna yfir daginn, hins vegar er oft erfitt að finna tíma í lok dags til að spjalla, deildarstjórar jafnvel farnir heim og sameinað á milli deilda. Foreldrar geta hins vegar ávallt leitað til deildarstjóra eða

leikskólastjóra þegar þeir vilja og þarf ef til vill að upplýsa betur um það. Upplýsingar til foreldra í gegnum Karellen, skilaboð, myndir og annað skiluðu sér ekki alltaf nægilega vel, sem hjálpaði ekki til varðandi upplýsingaflæði.

Foreldrar sýndu því mikinn skilning að miklar breytingar voru með stjórnunarstöðu og starfið var ekki alltaf með hefðbundnum hætti sökum framkvæmdar og breytingar á aðstæðum. Eins og sjá má hér að neðan.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann	96,0%	48/50	0,0%	90,4%	2976/3286	5,6%
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun	93,9%	46/49	-4,2%	91,6%	3111/3381	2,3%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	96,2%	25/26	0,1%	93,2%	1868/1999	3,0%
1.4. Sérþarfir í mataræði	17,6%	9/51	2,8%	14,6%	514/3534	3,0%
1.5. Hollt mataræði	97,9%	46/47	3,5%	93,3%	3214/3443	4,6%
1.6. Ánægja með húsnæði og aðstöðu	82,7%	43/52	-13,6%	88,0%	3102/3526	-5,3%

Niðurstöður voru kynntar starfsfólki á starfsmannafundi í byrjun maí og foreldrar upplýstir um að niðurstöðurnar væru aðgengilegar inn á heimasíðu leikskólans. Foreldrakönnunin gefur vísbendingar um það sem vel er gert og hvað betur má fara og starfsfólk nýtir niðurstöður til úrbóta.

### Umbótaáætlun í tengslum við mat á innra starfi :

<b>Út frá starfsáætlun</b>	<p>Auka enn frekar á samstarf á milli deilda.</p> <p>Móttaka nýrra starfsmanna, bæta fræðslu.</p> <p>Heimsækja aðra leikskóla og kynna sér aðrar stefnur.</p> <p>Auka virkni starfsmanna í söngsal, allir taki þátt í söngnum.</p> <p>Endurskoða fyrirkomulag vegna styttingar á vinnuvikunni ef til vill kjósa aftur.</p> <p>Huga að frjálsum leik og aðgengi að leikefni deilda. Setja í matsáætlun næsta skólaárs.</p> <p>Þróa málörvunarefni fyrir yngstu börnin, auka efni fyrir þann aldur.</p>
<b>Út frá matsáætlun</b>	<p>Hafa í huga eigin viðhorf til matmálstíma, matarins, starfsfólk hvetjandi og góðar fyrirmyndir. Auka fjölbreytni hvað varðar grænmeti og nónhressingu.</p> <p>Auka aðgengi barna að fersku drykkjarvatni, til dæmis laga vatnsfont á gangi sem hefur verið bilaður lengi.</p> <p>Vinna nánar með gildi leikskólans, gera sýnilegri sem og samskiptasáttmála.</p> <p>Ákveða þarf tengilið úr hópi deildarstarfsmanna í aðlögunarferli þegar ný börn byrja.</p> <p>Upplýsa foreldra um samtalstíma við deildarstjóra og þeir geti haft samband hvenær sem þurfa þykir.</p> <p>Deildarupplýsingar, leitast við að setja inn í heimasíðu uppl. um starf deilda.</p> <p>Gera áætlun varðandi öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áhættumat.</p>

<p><b>Út frá því sem gekk ekki eftir í vetur, frestað fram á næsta skólaár.</b></p>	<p>Upplýsingatækni með börnum Tvö styttri starfsmannasamtöl, að hausti með deildarstjórum og að vori með leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra Deildarstjórar vinni saman í undirbúningstímum til að skipuleggja námsefni hópa á sama aldri á mismunandi deildum. Gera útielhdús á útisvæði.</p>
---	--

## NÝBREYTNÍ OG ÞRÓUNARSTARF

### Nýbreytni

Í starfsáætlun fyrir skólaárið var ákveðin nýbreytni áætluð en ekki náðist að koma öllu í framkvæmd.

- Endurskoðun skólanámskrár náðist ekki að fara yfir
- Upplýsingatækni með börnum, var verkefni sem ekki náði að kynna nægilega þennan vetur. Einn kennari fór hins vegar á námskeið og tekinn var saman það sem til var til að vinna í þessu verkefni.
- Útielhdús á leikskólalóð, drullusvæði. Frestaðist fram á sumar 2024.
- Deildarstjórafundir voru mjög reglulega, í hverri viku og féllu sjaldan niður.

### MANNAUÐUR LEIKSKÓLANS

Heildarfjöldi starfsmanna var 30 í 24,11 stöðugildum í desember 2022 og þar af störfuðu meðal annars 1 leikskólakennarar, 1 framhaldsskólakennari, 2 þroskaþjálfar, 1 uppeldis og menntunarfræðingur, 2 sálfræðimenntaðir starfsmenn, 1 íþróttfræðingur, 1 listfræðingur og síðan leiðbeinendur með bæði fjölbreytta menntun og reynslu.

Einn nýr deildarstjóri tók við og tveir starfsmenn fóru í langtímaveikindaleyfi.

Nokkuð margir starfsmenn eru í hlutastörfum, allt frá 40% starfshlutfalli upp í 90% en tæplega helmingur starfsmanna er í 100% starfshlutfalli.

Í vetur var eins og áður starfandi skemmtinefnd innan leikskólans og starfsmenn reyndu að gera sér dagamun, jólagleði var haldin, þemadagar, árshátíð og fleira.

Stóran hluta vetrarins þurfti starfsfólk að skipta sér niður í þrjú hús sökum framkvæmda, fara þurfti út að sækja mat fyrir deildar og með börn út um neyðarinnganga í glugga til að fara í útiveru. En heilt yfir gerðu allir sitt besta með það sem þau höfðu.

### Starfsþróun

Skyndihjálparnámskeið var haldið í vetur fyrir alla starfsmenn.

Starfsmannasamtöl fóru fram í maí – júní.

Í samtölum kom fram almenn góð líðan í starfi og starfsandinn almennt talinn vera góður. Hins vegar kom einnig fram að tækifæri væru innan leikskólans að vinna með gildi og samskipti. Starfsmannasamtöl eru mikilvægur vettvangur fyrir starfsmenn til að ræða líðan sína og möguleika til starfsþróunar. Nýir starfsmenn ræddu um að það hefði verið gott að fá meiri fræðslu í upphafi starfs og var búin til bæklingur fyrir nýtt starfsfólks varðandi væntingar í starfi og almennar upplýsingar.



Fræðsla	Þátttakendur
Menntadagur velferð barna	Allir starfsmenn
Núvitundar námskeið	Allir starfsmaður
Barnasáttmálinn og farsæld barna	Leikskólastjóri
Skyndihjálp	Allir starfsmenn
TRAS skráningar	Einn deildarstj., sérkennslustj.
Breytingastjórnun	Leikskólastjóri
Vellíðan, starfsumhverfi og forysta	Leikskólastjóri
Framkvæmd stefnu og mat á árangri	Leikskólastjóri
PECS námskeið	Sérkennslustjóri

Starfsmenn sem stunduðu nám samhliða starfi:

Proskafjálfanám	Tveir starfsmenn
Kennaranám	Einn starfsmaður
Anna nám	Þrjú starfsmenn

## Sérverkefni

Sótt var um styrk í sérverkefnasjóð fyrir einu verkefni þar sem einn af okkar kennurum tók að sér listsköpun. Í upprunalegu plani átti það að vera lengra en þar sem mikið var um framkvæmdir var aðeins hægt að gera það seinni helming af skólaárinu.

Mikil ánægja er með að sérverkefnasjóður sé komin á aftur en sjóðurinn stendur straum af launakostnaði vegna sérverkefna í leikskólum bæjarins. Þeir starfsmenn sem eru áhugasamir um starfsþróun og vilja taka þátt í umbótaverkefnum geta því sótt styrk í sjóðinn.

## BARNAHÓPURINN

Í leikskólanum eru fjórar deildar. Á öllum deildum er boðið upp á breytilegan dvalartíma, frá 4 klst. til 9,5 klst. Í janúar 2023 voru börnin 76 talsins með 870,93 dvalarstundir. Þar af voru 38 drengir og 38 stúlkur. Barnafjöldinn skiptist á deildir á eftirfarandi hátt.

- 21 börn á Nónholti, fædd 2018 og 2017
- 19 börn á Móholti, fædd 2018 og 2019
- 19 börn á Hnoðraholti, fædd 2019 og 2020
- 17 börn á Hraunholti, fædd 2020 og 2021

Flest börn voru í 8 – 8,5 tíma vistun eða 50 talsins, tvo börn voru í 6-7 tíma vistun og 25 börn voru í lengri vistun en 8 tímar.

10 börn eiga rætur að rekja til annarra landa en Íslands og eru þau lönd: Bandaríkin, Noregur, Rússlandi, Póllandi, Lettlandi, Litháen, Venezuela, Albanía, Filipseyjum og Færeyjar

## SÉRKENNSLA – STOÐÞJÓNUSTA

Skólaárið 2022-2023 voru tuttugu og eitt barn sem sérkennslustjóri kom að í leikskólanum með ýmsum hætti í tengslum við málörvun, félagsfærni, einbeitingu, betri líðan, tilfinningastjórnun og hreyfifærni í samstarfi við starfsfólk deilda barnanna, heimilin og sérkennslufulltrúa Garðabæjar. Þar af eru níu börn með beiðni. Ellefu börn eru með orðabók þar sem unnið er að því að efla málþroska þeirra í samstarfi við foreldra. Átta börn fá úthlutaða stuðningstíma daglega. Eitt þeirra fær 7,5 tíma á dag, eitt 6 tíma á dag og fjögur börn fá fjóra tíma hvert.

Teymisfundir eru haldnir reglulega með teymi þeirra barna sem við á. Foreldrar eru vel upplýstir um þá þjálfun sem á sér stað hverju sinni með þeirra barni.

Á Bæjarbóli er sérkennsluherbergi sem notast er við í einstaklings- og hópkenndu með börnunum. Talmeinafræðingur hjá Garðabæ vann í 7 vikna lotum í vetur á hverjum starfsstað. Hún var á staðnum í 4 klst. á dag í 7 vikur í senn og tók börn í þjálfun, lagði fyrir þau próf, hélt skilafundi og veitti ráðgjöf.

Samráðsfundir með sérkennslufulltrúa, talmeinafræðingi, sérkennslustjóra, sálfræðingi og leikskólastjóra hafa verið annan hvern mánuð í vetur. Gott samstarf er í teyminu.

Talmeinafræðingur frá greiningarstöð kom reglulega og var með vinnustund með barni og ráðgjöf til starfsfólks og foreldra, ásamt því að sitja teymisfundi. Sjúkra – og iðjuþjálfar frá Æfingarstöðinni sinntu ráðgjöf og stillingu tækja fyrir leikskólann.

## FORELDRASAMSTARF

Foreldrafélagið hefur unnið með nokkuð óhefðbundnu sniði þetta ár. Sömu aðila og fyrra ár voru við stjórn foreldraráðs í vetur sem starfar skv. lögum um leikskóla.

Formlegir fundir foreldrafélagsins voru einn á haustönn og einn á vorönn en auk þess voru samskipti bæði í gegnum facebook síðu og tölvupósta til umræðna og skipulagningar.

Foreldrafélagið skipulagði bæði viðburði á haust- og vorönn en breyta þurfti áætlun í samræmi framkvæmdir. Piparkökuskreytingardagur féll niður þar sem salurinn var ekki aðgengilegur þá. Sumarhátíð var í byrjun júní. Foreldrafélagið greiddi fyrir leiksýningar, jólagleði, sumarhátíð og jólagjafir barna.

Þar sem fá börn voru að útskrifast í vor var haldin stutt útskriftarathöfn í sal eftir útskriftaferðina. Foreldraráðið skilaði inn umsögn um starfsáætlun og hélt einn morgunfund í desember. Einnig áttu fulltrúar samtál um ýmis mál á netinu, meðal annars um niðurstöður úr skólapólisi foreldrakönnun.

Fyrrum formaður foreldrafélagsins sem er tannlæknir var með fræðslu fyrir börnin í tannverndarviku og gaf öllum börnum leikskólans tannbursta og tannkrem.

Almennt er lögð áherslu á góð dagleg samskipti við foreldra og verkefni dagsins skráð á upplýsingatöflur fyrir framan deildirnar þannig að foreldrar geta fylgst með hvað börnin þeirra eru að gera yfir daginn. Leikskólastjóri sendir jafnframt fréttabréf mánaðarins, setur inn fréttir úr starfinu á heimasíðu og auglýsir sérstaklega viðburði innan leikskólans. Starfsmenn deilda senda mikið myndir úr starfinu sem segja meira en mörg orð og hver deild sendir myndir úr starfinu heim til foreldra og var mikil ánægja með það.

Foreldrum var boðið upp á tvö samtöl yfir skólaárið. Eitt að hausti sem var nokkurs konar upplýsingasamtal um fyrirhugað vetrarstarf og annað að vori þar sem heilsubók barnsins er skoðuð og farið ítarlegar yfir líðan, nám og annað.

# ÖRYGGISMÁL

## Slys á börnum

Slys á börnum eru skráð á þar til gerð eyðublöð og geymd í ákveðinni möppu á skrifstofu leikskólastjóra. Einnig eru slys skráð á Atvik og óhætt að segja að vel sé haldið utan um allar skráningar varðandi slys. Mest var um minniháttar meiðsli sem kröfðust ekki neinnar eftirfylgni en 9 slysaskýrslur voru fylltar út frá 1. júní 2022 -31.maí 2023. Alvarlegri slys þar sem börnin þörfuðust aðhlyningar á heilsugæslum, slysadeild eða hjá tannlækni má sjá í töflunni hér að neðan.

Staðsetning	Áverki
Inni	Fall af gluggakistu - tannlæknir
Úti	Fall - skurður - heilsugæslustöð, saumað
Inni	Missti holukubb á fót - tábrot
Úti	Datt á leiktæki - mar og kúla - heilsugæsla

## Ofnæmi - óþol

Nokkuð mörg börn eru greind með ofnæmi og óþol en samtals voru 12 börn með sérþarfir í mataræði í vetur. Í gæðahandbók eru ákveðnir verkferlar í kringum börn með sérþarfir vegna ofnæmis eða óþols. Ekki kom upp að barn fengi ofnæmiskast í leikskólanum og engin atvikaskráning.

## Eigið eftirlit

Á hverjum morgni er farið yfir útileiksvæðið áður en börnin fara í útiveru til að tryggja að ekkert hættulegt reynist þar, þessi yfirferð er ávallt skráð. Til er vinnulýsing þar sem kemur fram hvað felst í eftirliti að morgni. Það helsta sem er skráð í garðeftirliti eru skemmdir á leiktækjum og rusl söfnun.

Árlega sjá óháðir aðilar um aðalskoðun leiksvæðis og senda skýrslu í kjölfarið og aðalskoðun BSI var framkvæmd í mars mánuði.

Allar bilanir á húsnæði og leiksvæði er varða öryggi eru tilkynntar eins fljótt og auðið er og brugðist við þeim.

Slökkviliðsmenn heimsóttu Flataskóla og fengu elstu leikskólabörnin að vera með þar. Mánaðarlega er farið yfir gátlista varðandi eldvarnir og passað upp á að allt sé í góðu lagi hvað varðar lýsingu, neyðarútganga og fleira. Einnig er árlegt eftirlit með slökkvitækjum og eldvarnarbúnaði.

Í skólanum eru öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sem sinna eftirliti í samræmi við vinnuverndarlög nr. 46/1980. Í ágúst var útbúin ný stefna um öryggi og velferð í kjölfar athugasemda frá vinnueftirlitinu og aðgerðaráætlun vegna áhættumats.

## HÚSNÆÐI OG VIÐHALD

Sökum þess að það fannst mygla í húsinu voru miklar framkvæmdir á þessu ári.

- Endurnýjað á Hraunholti: Loft, ljós, gólf, lagaðir og málaðir veggir, hurðar og innréttingar.
- Loft, ljós, ofn og útidýrahurð í aðal anddyrinu.
- Endurnýjað á Nónholti: Loft, ljós, málaðir veggir, baðherbergi allt, gólfhiti á baðherbergi og hurðar.
- Endurnýjað á Móholti: Loft, ljós, málaðir veggir, baðherbergi allt og gólfhiti á baðherbergi.

Bæjarból hefur aðgang að þjónustu húsvarðar sem sinnir einnig Garðaskóla og Kirkjubóli. Hann hefur komið þegar hann er kallaður til.

## LOKAORÐ

Annasömu skólaári er lokið og má með sanni segja að ávallt eru verkefni næg þegar kemur að starfsemi leikskóla. Miklar framkvæmdir voru á skólaárinu með miklu raski á starfi og aðstæðum.

Í haust hefja fá ung börn leikskólavist á Bæjarbóli, en aðlögun mun vera á öllum aldurs stigum þetta árið, þar sem útskriftahópurinn er svo lítill. Mikilvægt er að efla þjónustu við leikskólana hvað varðar húsnæðið og lagfæringar þar sem bið eftir framkvæmdum getur reynt á þolrifin.

Starfsmannahópurinn á Bæjarbóli er góður, það þjappaði hópnum verulega saman að fara í námsferðina til Brighton í vor. Ávallt verður að huga að mannauðnum, efla starfsmenn í starfi, gefa tækifæri fyrir samtal um starfshætti og gera öllum ljóst að þeir skipta miklu máli í hópnum. Starfsmenn eru eitt stórt teymi sem vinnur saman að sameiginlegum markmiðum í starfi.

Horft er bjartsýnum augum fram á veginn á Bæjarbóli.

Garðabær 7.júní 2023  
Sigrún Stefanía Þorvaldsdóttir  
Verkefnastjóri og staðgengill leikskólustjóra